



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2021020121

2. júlí 2021

Undanþága frá banni við akstri á göngugötusvæði

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki undanþágu frá banni við akstri á göngugötusvæði vegna aksturs á:

- Klapparstíg, yfir Laugaveg.
- Bergstaðastræti, yfir Laugaveg að Smiðjustíg.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð


Skýringarmynd er á næstu síðu. Með samþykkt á göngugötu á Laugavegi milli Frakkastígs og Klapparstígs fæst samfelld göngugötusvæði frá Frakkastíg að Ingólfsstræti. Reynslan af tímabundinni göngugötu á kaflanum milli Frakkastígs og Klapparstígs hefur sýnt að þörf er á því að skýra umferðarrétt á gatnamótunum við Klapparstíg en umferðarslys hafa orðið á gatnamótunum vegna óljóss umferðarréttar. Með þessari tilhögun verður gefið skýrt til kynna með umferðarmerkjum að ekið sé inn á, og yfir göngugötusvæði. Til viðbótar er gert ráð fyrir að götuyfirborðið verði skreytt þar til farið verður í breytingar á yfirborði göngugötusvæðisins.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan þegar verið borin undir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu sem hefur samþykkt hana.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Deildarstjóri samgangna



Lagt er til að undanþága verði frá banni við akstri á göngugötusvæði á Klapparstíg, yfir Laugaveg til suðurs og á Bergstaðastræti, yfir Laugaveg að Smiðjustíg, merkt með rauðum örvum á myndinni.